

Ágætu nemendur.

Ég hef komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa ráðfært mig við meðstjórnendur mína, kennara og ýmsa fulltrúa úr hópi nemenda, að best sé að halda skólastarfinu áfram með fjarnámi.

Þær tilslakanir á sóttvarnareglum sem taka gildi miðvikudaginn 18. nóvember eru ekki nægilegar til þess að unnt verði að bjóða nemendum Kvennaskólans upp á staðnám nema að mjög takmörkuðu leyti. Miðað verður við að í hópum í kennslustofum megi vera allt að 25 nemendur auk þess sem tveggja metra reglan muni gilda áfram. Ef ekki sé unnt að koma henni við verði skylda að nota grímur.

Öllum ber saman um að fjarkennslan hjá okkur sé komin í góðan farveg og það væri slæmt ef til þess kæmi að við þyrftum að trufla hana með því að hafa nemendur ýmist í fjar- eða staðnámi þær tvær vikur sem eftir eru fram að prófatíð. Auk þess hefur komið í ljós með óformlegum könnunum í fjölda bekkja í öllum árgöngum að meirihluti nemenda kýs að stunda námið heiman frá sér áfram vegna hættu á að smitast af veirunni jafnframt því að námið hafi gengið vel. Hið sama er upp á teningnum á meðal kennara.

Þrátt fyrir þetta munum við opna dyr skólans að nokkru leyti frá og með 18. nóvember. Reikna má með að boðið verði upp á stoðtíma í einstökum áföngum ef þörf krefur. Við erum líka viðbúin því að einhverjir kennarar vilji boða einstaka hópa í skólann ef sérstakar aðstæður eru taldar mæla með því. Einnig verður nemendum þeim, sem á þurfa að halda af einhverjum ástæðum, velkomið að koma í skólann til að vinna í námi sínu. Þá hvet ég ykkur til að vera ófeimin við að hafa samband við námsráðgjafa og stjórnendur ef á þarf að halda.

Hvað lokaprófin varðar þá stefnum við að því að þau verði haldin með rafrænum hætti. Þó má gera ráð fyrir að einhver próf verði haldin í skólanum vegna sérstakra aðstæðna; en þau munu heyra til undantekninga. Staðreyndin er sú að í upphafi haustannar gerðum við ráð fyrir skólahaldi í skugga covid og námsmatið mun taka mið af því. Síðas ti kennsludagur verður 2. desember og fyrsti prófadagur 4. desember.

Þið hafið staðið ykkur frábærlega og erum við nú sem endranær afar stolt af ykkur. Við söknum ykkar hvern einasta dag en ég veit að kennaranir eru í góðu sambandi við ykkur og þeir bera ykkur söguna vel.

Með þessu viljum við stuðla að því að geta hafið hefðbundið skólastarf eftir áramótin. Það er vissulega von okkar að svo megi verða.

Megi ykkur ganga sem allra best,
Hjalti Jón, skólameistari